

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2024

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

Staðan í kjaraviðræðum

Vonast til að samningar náist við ríki og sveitarfélög í apríl

Viðræður eru farnar af stað við ríki og sveitarfélög um gerð nýrra kjarasamninga. Vonast er til að þær gangi vel þótt ekkert sé fast í hendi. Um tugur samninga, sem AFL er aðili að, er laus eða að losna um þessar mundir.

„Þetta eru samningar sem runnu út um mánaðamótin mars/apríl, en ekki janúar/febrúar eins og á almenna markaðinum. Félögin innan Starfsgreinasambandsiðs eru búin að funda tvisvar með Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavíkurborg gerir síðan sértaka samninga. Síðan er búinn einn fundur með samninganefnd ríkisins,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, sem sæti á í samninganefnd SGS við sveitarfélögin.

Hún útskýrir að viðsemjendurnir leitist við að semja við öll samtök launþega í einu, þannig að rætt er um leið við BSRB og SGS.



Hjördís Þóra undirritar kjarasamning í mars í húskynnum Ríkissáttasemjara. Mynd: Alþýðusamband Íslands

Vinnutímastyttingin reynst snúin

Hjördís segir viðræðurnar á svipuðum nótum og þeim samningum sem gerðir voru á almenna markaðinum í síðasta mánuði. „Það er verið að útfæra þær leiðir sem útfærðar voru.

Það eru samt alltaf ákveðnir þættir sem þarf að ræða sérstaklega. Til dæmis hefur gengið á ýmsu í vinnutímastyttingunni sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Það hafa verið hnökrar á vaktavinnunni, vaktahvata og fleiru sem fólk er ekki ánægt með. Það eru kröfur um úrbætur og allur gangur á hvernig hefur gengið að taka þær upp.

Eins er í gangi samstarfsnefnd milli SGS og sveitarfélaganna um mál sem koma upp á samningstímanum. Þangað inn hafa komið mál vegna tímavinnu, ráðningarhlutfalls í grunnskólum og fleira.“

Litlar líkur á verkföllum

Hjördís vonast til að viðræðurnar gangi vel. „Markmiðið er alltaf að samningur sé tilbúinn þegar sá næsti á undan rennur út, þótt það hafi ekki gengið eftir núna. Við vonumst til að það takist að klára samningana í þessum mánuði, þótt það liggi ekkert

fyrir þetta. Viðsemjendur fara með þessar viðræður, það hefur engu verið vísað til ríkissáttasemjara.

Síðasta föstudag var skrifað undir samning vegna starfsmanna á flugvellinum á Egilsstöðum og sá samningur fór í atkvæðagreiðslu núna í vikunni.“

Hún efast um að boðað verði til verkfalla. „Almennt séð held ég ekki, þótt það gætu orðið deilur vegna einstakra þátta. Samningar við verktaka á álverslóðinni eru undir friðarskyldu svo þar er ekki hægt að boða til verkfalla. Eins og staðan er

núna þá eru snúnustu viðræðurnar okkar við Vigdísarholt, sem rekur hjúkrunarheimilið Skjólgarð á Höfn. Þar eru Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu samningsaðilinn. Þar eru kröfur sem við settum fram í fyrrasumar sem ekki hafa verið kláraðar. Vigdísarholt hækkaði launataxta einhliða. Það mál er hjá ríkissáttasemjara.“

5.330 bókanir í orlofseignir

Á árinu 2023 bókuðu félagsmenn AFLs alls 5.330 orlofsleigur en félagið var með 59 eignir til útleigu á síðasta ári. Þar af eru í eigu félagsins 54 eignir en félagið leigði 5 aukabústaði til sumarúthlutunar.

Nýting íbúða félagsins var á síðasta ári 96,81%. Nýtingin í Reykjavík var 97,6% en 92,4% á Akureyri.

Á samningaborðinu hjá AFLi

Landssamband smábátæigenda vegna vinnu við uppstokkun og beitingar

Landssamband smábátæigenda vegna smábátasjómannna

Bændasamtök Íslands vegna verkafólks á býlum

Landsvirkjun vegna almennra starfsmanna

Sveitarfélög vegna NPA, notendastýrðar persónuástoðar við fólk með fötlun

Við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu/Vigdísarholt vegna hjúkrunarheimilisins Skjólgarðar á Höfn

Samningar við átta fyrirtæki á álverslóðinni á Reyðarfirði fara í endurskoðun í vor

Á næsta ári eru lausir samningar í fiskimjölverksmiðjum og hjá Alcoa Fjarðaáli

Staðan í kjaraviðræðum

„Þokkalega sátt við nýja kjarasamninga“

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, sat í samninganefnd Starfsgreinasambandsins (SGS) sem gekk frá kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins (SA) þann 8. mars síðastliðinn. Viku síðar var skrifað undir samninga fyrir hönd verslunar- og skrifstofufólks. Hún segir launahækkunir samninganna hóflegar en vonir um að aðrar aðgerðir í tengslum við þá skili árangri.



Frá undirritun kjarasamninga sjómanna í febrúar.

„Þetta eru þrír stórir samningar við SA sem náðust í höfn í mars: við verkafólk og starfsfólk á hótelum og veitingahúsum, við verslunar- og skrifstofufólk og iðnaðarmenn. Þeir byggja allir á mjög hógværum launahækkunum gegn skilyrðum um að ríki og sveitarfélög styðji við samningana með að rétta við stuðningskerfin þannig þau verði eins og miðað var við árið 2013,“ segir Hjördís Þóra.

Samningarnir gilda til ársins 2028 og er reiknað með 3,5% launahækkun á ári. Ríkið skuldbindur sig á móti til að bæta í húsnæðisstuðning og efla umhverfi barnafjölskyldna auk þess að halda aftur af gjaldskrárhækkunum.

Hvað ef markmiðin nást ekki?

Hækkunin á launaliðnum er undir verðbólgu undanfarinna missera. Hún var um síðustu mánaðamót 6,8% en varð hæst fyrir ári 10,2%. Verðbólguþáttur stjórnsvalda er á móti 2,5%. „Þarna hefur vissulega orðið rýrnun fram að þeim tíma sem kjarasamningarnir taka gildi en væntingarnar eru að það komist jafnvægi á sem fyrst sem vegi það upp á samningstímanum.“

Gangi það ekki eftir þá eru ákvæði í samningum sem tryggja rétt launþega, bæði ákvæði um leiðréttingar en einnig uppsögn,“ segir Hjördís Þóra.

Vextir varla lækkaðir fyrir en eftir fleiri samninga

Mörg hafa vænst þess að Seðlabankinn myndi lækka stýrivexti sína í kjölfar samninganna og fyrirheita sem þeir gefa um stöðugleika í efnahagslífinu. Það hefur ekki enn gengið eftir. Hjördís Þóra segir að samningar almenna markaðarins einir geti varla verið forsenda slíkra ákvarðana.

„Það eiga enn stórir hópar eftir að semja, svo sem opinberir vinnumarkaðurinn og Bandalag háskólanna (BHM). Þær viðræður eru bara rétt komnar af stað og hvorki við né Seðlabankinn vitum hver niðurstaða þeirra verður. Það voru mörgum vonbrigði að stýrivextir voru ekki lækkaðir um daginn en ég hafði hóflegar væntingar til þess því það verður að gefa þessum öðrum aðilum tíma til að klára sín mál,“ segir Hjördís Þóra.

Að sama skapi segir hún að enn eigi eftir að koma í ljós hvort, eða að hve miklu leyti fyrirtæki velti launahækkunum út í verðlag, sem er eitt af því sem peningastefnunefnd Seðlabankans hefur bent á þegar hún hefur rökstutt að vextir verði ekki lækkaðir að sinni.

Aðspurð um hvort hún hafi trú á að aðrir hópar sem eftir eru sýni

sömu ábyrgð og sýnd er í þeim samningum sem að baki eru svarar hún: „Ég hef trú á að BSRB geri það. Við erum með marga opinbera starfsmenn innan okkar raða og við leggjum áherslu á þessa línu í þeim samningum sem við eigum eftir.“

Hvað aðrir hópar gera veit ég ekki. Mér finnst þeir aldrei hafa tekið ábyrgð á efnahagsmálunum heldur einbeitt sér að laununum en ekki öðrum áhrifaþáttum.“

Jákvætt að sjómenn séu komnir með samninga

Til viðbótar við samningana á almenna markaðinum þá skrifuðu sjómenn undir nýja samninga við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi þann 6. febrúar síðastliðinn. Í honum eru talsverðar breytingar, einkum varðandi lífeyrisréttindi. Sá samningurinn ætti að tryggja ákveðinn stöðugleika því hann er til níu ára með uppsagnarákvæði fyrst eftir fimm ár.

„Það er jákvætt að samningar hafi náðst því sjómenn hafa löngum verið samningslausir undanfarin áratug og þarna er komið ákvæði um móttframlag í lífeyrissjóði. Þessir samningar ná til sjómanna á stærri skipum, síðan eru eftir samningar við Landssamband smábátasjómannna.“

Þessir samningar hafa þó minni áhrif á stöðugleika efnahagsmála því þótt tímakaup sjómanna taki mið af töxtum í fiskvinnslu þá er skiptaverð út frá aflaverðmæti meginuppstaða launanna og það liggur ekkert fyrir um hvernig verðin þróast,“ útskýrri Hjördís.

Góð kjörsókn hjá AFLi

Í atkvæðagreiðslu um sjómanna-samninginn var kosningaþátttaka innan sjómannadeildar AFLs 75%. Innan AFLs var þátttaka í atkvæðagreiðslum um hina samningana yfir 30%, sem telst ágætur árangur. Hjördís Þóra segir þetta gleðilegt fyrir AFL sem félag.

„Við vorum í miklum samskiptum við okkar félag á meðan atkvæðagreiðslunum stóð og hvöttum þá til að taka þátt í þeim. Vilji félagsmanna kemur ekki bara fram í niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar heldur líka þátttökunni. Eins er því oft haldið fram að félagsleg virkni sé minni í stærri félögum og þess vegna var það okkur kappsmál að sem flestir félagar tækju þátt. Þessar tölur eru því mjög jákvæður vitnisburður um félagsvirknina.“



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs. (úr fréttabréfi í maí 2021)

Félagakerfið Tótal í stórsókn

Félagakerfið Tótal, sem var skrifað fyrir AFL og aðeins notað af AFLi þar til fyrir tveimur árum, er nú í stórsókn. Stofnað var sérstakt félag um rekstur kerfisins, Félagakerfið Tótal ehf. og hafa m.a. Verkalýðsfélagið Hlíf, Efling stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands og Aldan stéttarfélag keypt hluti í félaginu og byrjað að nota það.

Síðustu vikurnar hafa verið viðræður við m.a. fagfélögin – þ.e. fjögur félög iðnaðarmanna sem eiga í náinni samvinnu um rekstur

þjónustuskrifstofu, svo og Einingu Iðju á Akureyri um aðild þessara féлага að Tótal. Þessir aðilar myndu þá kaupa hlut í Félagakerfinu Tótal ehf. og taka kerfið upp.

Búist er við endanlegum ákvörðunum þessara féлага nú í vikunni. Gangi það eftir í samræmi við samskiptin síðustu vikur hefst undirbúningur að innleiðingu þessara féлага og standa vonir til að þau verði öll komin að fullu inn í kerfið um næstu áramót.

Eitt annað félag hefur tilkynnt um innkomu í haust.

Gangi þetta allt eftir verður meirihluti félagsmanna innan Alþýðusambandsins kominn í Tótal félagakerfi. Það er okkur sérstakt ánægjuefni að hugbúnaðurinn er allur skrifaður á Austurlandi af Austurnet ehf. á Egilsstöðum og helstu höfundar kerfisins eru félagsmenn AFLs.



Félagafólk í AFLi

Alls voru félagsmenn AFLs á árinu 2023 um 7.500 talsins, af 63 þjóðernum. Íslenskir ríkisborgarar voru 4.250 og erlendir 3.215. Karlar voru 3.971, konur 3.073, drengir og stúlkur 409 og kynsegin félagsmenn alls fimm.

Meðal heildarlaun félagsmanna voru 574.804 og er þá ekki tekið tillit til starfshlutfalls. Meðalaldur félagsmanna er 35 ár.

Starfsmannamál

Kynslóðaskipti í undirbúningi

Fyrir tæpum tveimur árum var lagt fram minnisblað í stjórn AFLs yfir aldur starfsmanna og áætluð starfslok – en á þeim tíma var stór hluti starfsmanna á svipuðum aldri.

Það er þekkt vandamál hjá fyrirtækjum og stofnunum að ef of margir lykilstarfsmenn eru á svipuðum aldri getur þekking og reynsla innan stofnunar horfið hratt út við starfslok þeirra.

Stjórn AFLs ákvað að vinna skipulega að samfelli í starfsmannahaldi þannig að reynsla og þekking héldist og áfram væri hægt að veita þá þjónustu sem félagsmenn hafa vanist.



Ásdís Helga Jóhannsdóttir

Síðasta haust var því ráðinn inn starfsmaður á skrifstofu okkar í Neskaupstað – Ásdís Helga Jóhannsdóttir. Ásdís hefur verið í úrlausnum á málum

sem félagsmenn koma með til okkar og er einnig virk í félagslegu starfi; situr m.a. í stjórn ASÍ Ung og gegnir öðrum trúnaðarstörfum fyrir AFL á vettvangi Alþýðusambandsins.

Ásdís mun einnig taka að sér starf tengiliðs við trúnaðarmenn sem Gunnar Smári Guðmundsson á Vopnafirði hefur sinnt hingað til.

Ásdís kom inn í starf AFLs sem trúnaðarmaður hjá HSA í Neskaupstað þar sem hún vann á þeim tíma. Hún hafði áður unnið við smíðar hjá Nestaki ehf. og stundað nám í trésmíði. Ásdís er með starfsstöð í Neskaupstað.

Hún er 28 ára gömul, innfæddur Norðfirðingur og er gift á á tvö börn.



Þórhildur Ösp Þórhallsdóttir

Nú í febrúar réði félagið til sín aðra unga konu úr Neskaupstað – Þórhildi Ösp Þórhallsdóttir. Hún starfar einnig á skrifstofu félagsins í Neskaupstað og vinnur

við úrlausn mála félagsmanna. Þórhildur hefur lokið BA prófi í lögfræði og hefur fullan hug á að ljúka meistaranámi þannig að hún geti fengið lögmannsréttindi. Hún starfaði síðast hjá Fjarðabyggð í barnaverndarmálum.

Þórhildur er í sambúð og á eitt barn og er innfæddur Norðfirðingur. Hún er 27 ára gömul. Þær Ásdís og Þórhildur eru báðar í kjaramálateymi AFLs sem er undir forystu Þorkels Kolbeins. Teymið tekur við málum félagsmanna, reiknar út kröfur ef við á og fylgir þeim eftir alla leið í lögfræðinni heimtu ef til þess kemur.

Þær stöllur munu annast vinnustaðaeftirlit á sumri komandi.



Ása Kristín Árnadóttir

Á dögnum auglýsti AFL eftir starfsmanni á Vopnafjörð og bárust þrjár umsóknir en ein var dregin til baka. Eftir að hafa hitt tvo mjög hæfa

umsækjendur hefur Ása Kristín Árnadóttir verið ráðin til starfa. Ása er nokkuð eldri en þær sem að framan greinir eða 58 ára. Ása er upphaflega úr Kópavogi en hefur verið búsett á Seyðisfirði frá 1995 og m.a. rekið þar hárgreiðslustofu, starfað hjá heilsugæslu HSA við móttöku og nú síðast í Vínubúðinni. Ása mun flytjast á Vopnafjörð í byrjun sumars og búa þar.

Ása mun annast umsjón orlofskerfis AFLs auk þess sem hún hefur góða þekkingu á bókhaldskerfi sem AFL notar og mun því taka að sér verkefni sem því tengjast.



Aleksandra tekur við verkefnum Ingibjargar

Starfsmenn koma og fara. Það eru ekki bara nýir starfsmenn sem koma til starfa heldur hverfa aðrir frá.

Ingibjörg Sigurðardóttir, sem var elsti

starfsmaður AFL, lést í nóvember sl. og var í vinnu nánast fram á síðustu stundu, þótt hún hafi verið farin að minnka við sig starfshlutfallið. Við minntumst hennar í síðasta fréttabréfi 2023. Hún starfaði við bókhald félagsins og hafði gert í áratugi.

Aleksandra Radovanovic, sem hóf störf hjá félaginu 2018, hefur nú tekið við umsjón bókhaldsins. Hún hafði unnið með Ingibjörgu í þessu verkefni.



Gunnar Smári stimplar sig út

Elstur í starfsmannahópi AFLs í dag er Gunnar Smári Guðmundsson, sem situr á Vopnafirði og stýrir orlofskerfi AFLs af röggsemi. Hann er

kominn vel yfir löggilt starfslok og mun láta af störfum um mitt sumar. Gunnar hefur einnig sinnt tengslum við trúnaðarmenn félagsins og verið tengiliður þeirra.

Gunnars verður sárt saknað – en hann hefur lofað að vera nýjum starfsmanni á Vopnafirði innan handar fyrstu vikunnar í starfi þannig að við missum ekki taktinn í þeirri góðu þjónustu sem Gunnar hefur veitt.

Starfsmaður okkar á Höfn, Guðbjörg Ómarsdóttir, hefur verið fjarverandi frá því í haust vegna veikinda en við eigum von á henni til starfa í haust aftur. AFL hefur verið að auglýsa eftir afleysingamanneskju fyrir Guðbjörgu í sumar en það hefur ekki borið árangur hingað til.

Styttist í starfslok hjá fleirum

Nokkuð ráðrúm er nú þar til næstu starfsmenn félagsins hætta störfum vegna aldurs og verða þessir nýju starfsmenn þá orðnir fullþjálfadír og reiðbúnir til að leiða starfið áfram.

Búast má við því á næstu 1-3 árum að farið verði í undirbúning á enn frekari breytingum enda nokkrir starfsmenn fæddir á árunum 1958 – 1962 og því styttist í starfslok þeirra.

Vantar starfsmann í afleysingar á Höfn



Til góðra verka!

AFL Starfsgreinafélag óskar eftir að ráða starfsmann til afleysinga á skrifstofu félagsins á Höfn í sumar. Starfið felst í almennum störfum hjá stéttarfélagi, svo sem afgreiðslu, símsvörum, tölvuvinnslu, eftirliti með orlofshúsum, vinnustaðaheimsóknunum og fleiru.

Ráðning er til 15. september 2024 - æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Viðkomandi þarf að hafa hæfilega tölvukunnáttu, geta unnið sjálfstætt og hafa góða framkomu. Vinsamlega sendið umsókn á asa@asa.is merkt „Hornafjörður“ fyrir 15. apríl n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjördís Þóra, 4700 301 eða hjordis@asa.is

383 milljónir í styrki og dagpeninga

AFL greiddi á árinu 2023 alls 383 milljónir króna í ýmiss konar styrki og dagpeninga. Hér er bæði um að ræða styrki sjúkrasjóðs AFLs og menntastyrki menntasjóða sem félagið á aðild að.

Alls fékk 1.931 félagsmaður greiðslu en þær voru samtals 3.638 talsins.

Sjúkradagpeninga fengu alls 250 félagsmenn í 724 greiðslum að upphæð 241.459.905 krónur. Þá fengu 1.318 félagsmenn styrki úr sjúkrasjóði í alls 1.849 greiðslum að upphæð 74.114.707 kr.

Menntasjóðir félagsins greiddu alls út kr. 67.982.465 í 1.065 styrkjum til 786 félagsmanna.

Endurnýjun orlofshúsa í Lóni

Lokið er endurnýjun sumarhúsa AFLs í Klifabotni í Lóni en félagið á tvö hús þar. Húsin voru tekin algerlega í gegn og breytt lítillega og pallar stækkaðir og annað húsið gert „hjólástólavænt“ hvað aðkomu varðar.

Formaður AFLs tók meðfylgjandi myndir við afhendingu húsanna en Jakob Guðlaugsson, byggingameistari og menn hans hjá Verkfærni ehf. sáu um framkvæmdir. Verkfærni ehf. var aðalverktaki við framkvæmdirnar en aðrir sem komu að verkinu voru Málningarþjónusta Hornafjarðar ehf., RH Lagnir ehf., Múrari og Flísari ehf. og Rafhorn.

Flestir sem komu að framkvæmdum í húsunum eru félagsmenn AFLs og má þar sérstaklega nefna þá Guðjón Björnsson, Jan Ptacek og Rafn Svan Gautason, sem allir eru hjá Verkfærni.

Húsin voru afhent miðvikudaginn fyrir páska og stóðu starfsmenn Verkfærni og AFLs í ströngu síðustu klukkutímanna við að gera húsin klár og komu fyrstu félagsmenn eftir breytingar í húsin seinnipart sama dags.



Aðalfundur AFLs Starfsgreinafélags

Boðað er til aðalfundar AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 20. apríl 2024 kl. 15:00 í Frystihúsinu, Breiðdalsvík.



Til góðra verka!

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar
3. Lagabreytingar
4. Kjör stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs
5. Kjör til annarra stjórnar og ráða félagsins sbr. lög þess
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Önnur mál
 - a) Laun stjórnar
 - b) Kosning fulltrúaráðs Stapa
 - c) Framlag í menntasjóð IMA

Ferðir verða skipulagðar af skrifstofum félagsins – hafið samband við næstu skrifstofu.

Boðið verður upp á kvöldverð að fundi loknum.

Ársreikningar félagsins, tillögur að reglugerðarbreytingum liggja frammi á skrifstofum félagsins.

Skv. gr. 21 í lögum AFLs þarf að tilkynna framboð til stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund. Senda má framboð á netfangið asa@asa.is. Ath.: Framboð þarf að vera með 20 meðmælendum fullgildra félagsmanna.

Ath. Til að tryggja að gert sé ráð fyrir félagsmönnum í kvöldverð þarf að skrá sig til þátttöku á aðalfundi með pósti á asa@asa.is eða á næstu skrifstofu. Reynt verður að skipuleggja ferðir frá þéttbýlisstöðum félagsvæðisins í samræmi við skráningu á fundinn.